

# Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum (SSKS)

haldinn á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 8. október 2021 kl. 12:30.

Mætt voru fulltrúar frá 10 sveitarfélögum: Eydís Indriðadóttir Flóahreppi, Matthildur Ásmundsdóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði, Björn Ingimarsson Múlaþingi, Vilhjálmur Jónsson Múlaþingi, Eydís Ásbjörnsdóttir Fjarðabyggð, Sigurður Ólafsson Fjarðabyggð, Kristján J. Guðmundsson Bolungarvík, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Kristján Sturluson Dalabyggð, Eva Björk Harðardóttir Skaftárhreppi, Þóra Sverrisdóttir Húnavatnshreppi, Sævör Þorvarðardóttir Grundarfjarðarbæ, Björg Ágústsdóttir Grundarfjarðarbæ, Jón Páll Hreinsson Bolungarvík og Ingibjörg Hinriksdóttir, starfsmaður samtakanna.

Þetta gerðist:

Jón Páll Hreinsson formaður bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

## Skýrsla stjórnar

Jón Páll flutti skýrslu stjórnar. Meðal þess sem fram kom í skýrslu stjórnar er:

- Fimm stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu
- Fræðsluferð á Snæfellsnes var undirbúin. Ferðinni var frestað vegna COVID-19, en er enn til skoðunar.
- Stjórnin óskaði eftir skýrslu frá Orkustofnun um jarðhitaleit og rannsóknir. Er sú skýrsla nánast tilbúin.
- Undirbúningur og umræður fyrir stefnumótun samtakanna
- Breytt umhverfi kallar á breyttar áherslur samtakanna
  - Markmið um jöfnun kostnaðar á raforku til húshitunar er að nást
  - Framfarir í varmadælutækni kallar á breyttar nálganir.
  - Horfa frá því að endanlegt markmið sveitarfélaga sé að finna heitt vatn með borholum og finna í stað nýjar leiðir með varmadælum og nýtingu glatvarma til að lækka kostnað íbúa við hitun húsnæðis.
- Umræða um lækun orkukostnað fyrirtækja á byrjunarstigi.
- Verkefni næstu stjórnar er að halda áfram við að móta stefnu samtakanna og hef formaðurinn væntingar um að umræður á þessum fundi geti nýst nýrri stjórn við þá vinnu.

Ársskýrslan var samþykkt.

## Ársreikningur 2020

Jón Páll lagði fram ársreikning 2020 sem er með einfaldasta móti þar sem samtökin lögðu ekki í neinn kostnað á árinu 2020 ef undan er skilinn kostnaður við vefsíðu. Eigið fé samtakanna er 6.306.898 kr. Ársreikningurinn var samþykktur.

## Ákvörðun um árgjald

Jón lagði til að árgjald verði það sama og í fyrra – þ.e. ekkert. Var það samþykkt

## Umræður

Ragnar Ásmundsson hjá Orkustofnun kom inn á fundinn í gegnum Teams fjarfundabúnað og sagði frá vinnu við svokallaða Rauða skýrslu sem unnið hefur verið að fyrir samtökin. Skýrslan er aðgengileg á netinu en verður ekki formlega gefin út. Hana má nálgast í kortasjá Orkustofnunar, <https://map.is/os/>.

Orkustofnun hefur lagt áherslu á bættu orkunotkun. Orka er verðmæt og það má nýta hana betur en sem varmagjafa. Sýndi Ragnar töflu sem sýnir þrjá þætti; rafhitun í þéttbýli, eldri hitaveitu í þéttbýli

og nýjar hitaveitur í þéttbýli. Þar má sjá að nýjar hitaveitur eru nánast jafn dýrar og niðurgreiddar rafhitaveitur. Vissar jarðvarmaveitur eru jafnvel dýrari en rafhitaveitur. Verðlega er hitaveita ekki eina lausnin. Ragnar var spurður hvað skýrði það að svo líttill munur væri milli nýrra jarðvarmaveitna og rafhitaveitna. Hann kundi ekki skýringu á því en efaðist ekki um að þær tölur sem hann væri að kynna væru réttar.

Stofnkostnaður varmaveitu er mjög mismikill – allt frá 100 mkr. (Tálknafjörður t.d.) upp í 320 mkr. (Seyðisfjörður).

Ragnar sýndi því næst Íslandskort þar sem sjá má t.d. fjölda niðurgreiddra stað sem gæti þá komið á móti stofnkostnaði við varmaveitu.

Nú liggur fyrir beiðni um lagabreytingu sem byggir á því að gera umsókn um styrkveitingar straumlínulagaðri og betri.

Eydís Ásbjörnsdóttir sagði í stuttu máli frá tilraunaverkefni sem Fjarðabyggð er með varðandi viðarperlur og tengingu við fjarvarmaveitu á Norðfirði.

Jón Páll sagðist hafa þá trú að samtökin geti beitt sér enn frekar í því að lækka húshitunarkostnað sveitarfélaga á köldum svæðum. Nýir möguleikar eru til staðar, í Færeyjum er farið að bora holu við hvert hús og tengja í vatn í vatn varmadælu.

Matthildur Ásmundsdóttir á Höfn. Sagði frá tengingu jarðvarmaveitu á Hornafirði. Það er ýmislegt sem getur komið upp við framkvæmdir og íbúar eru ekki allir sáttir við kostnaðinn af veitunni.

## **Kosningar**

Jón Páll lagði til að eftirtaldir yrðu kjörnir í stjórn SSKS:

### **Aðalstjórn:**

Björn Ingimarsson, Múlaþingi  
Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík  
Eydís Indriðadóttir, Flóahreppi

Til vara:

Kristján Sturluson, Dalabyggð  
Björg Ágústsdóttir, Grundarfirði  
Sandra Brá Jóhannsdóttir, Skaftárhreppi

### **Endurskoðendur:**

Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ  
Jóhannes Á. Jóhannesson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Voru þau kjörin með lófataki.

## **Önnur mál:**

Björg Ágústsdóttir sagði frá stefnumörkun SSKS frá árinu 2018. Hún sagði að sveitarfélög væru komin mislangt í þróun á varmaveitum. Nefndi hún Snæfellsbæ sem dæmi. Nú er unnið að fjarvarmaveitu fyrir Grundarfjörð og er sýn íbúanna á það verkefni mismunandi. Hugarfarsbreyting þarf að eiga sér stað og það er mikilvægt fyrir SSKS að draga saman þá möguleika sem eru í boði.

Við höfum náð langt hvað varðar auknar niðurgreiðslur en nú þarf að finna nýjar leiðir og skoða hvaða tæknilegu lausnir eru í boði.

Eydís Indriðadóttir þakkaði traustið sem henni var sýnt með því að kjósa hana í stjórn. Hún hvatti til þess að samtökin færu í heimsókn á Snæfellsnes. Ferðin til Vestmannaeyja opnaði hennar augu og nú hefur verið unnið breytingum í hennar heimabæ.

Jón Páll þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 13:55.